



//Á döfinni//

...:Árshátíð:...:

Árshátíð skólans fer fram föstudagskvöldið 11. mars og hefst kl. **20:00**. Að venju munu nemendur sýna leikþætti og söng. Aðgangseyrir er **kr.1200** sem styrkir útskriftarferð 10. bekkjar nemenda. Endilega takið með ykkur gesti og njótið góðrar skemmtunar sem nemendur hafa lagt mikinn metnað í að æfa og setja á svið. Skólabílar sækja nemendur sem eiga að vera mættir kl. **19:30**. Þeir fara síðan heim með foreldrum að árshátíð lokinni.

Skólablaðið Varðan verður seld á staðnum og 10. bekkur býður upp á kaffiveitingar að skemmtiatriðum loknum.

...:Sameiginlega árshátíðin:...:

Sameiginleg árshátíð skólanna í Rangárvallasýslu auk skólanna á Klaustri og í Vík verður haldin hér að Laugalandi þann 17. mars. Hátíðin hefst klukkan 20:00 og stendur til 24:00.

Nemendum verður ekið heim að skemmtun lokinni

...:Páskafrí:...:

Nemendur 7. –10. bekkja fara í páskafrí eftir sameiginlegu árshátíðina en nemendur í 1.-6. bekk fara í páskafrí að loknum skóladegi þann 18.mars.

Starfsdagur kennara er þriðjudaginn 29.mars en nemendur mæta í skólann samkvæmt stundatöflu miðvikudaginn 30. mars.

...:Páskabingó:...:

Páskabingó foreldrafélagsins er haldið þann 18.mars kl. 20:00. Veglegir vinningar í boði og svo verður sjoppa nemendaráðsins á staðnum.

// Fréttir frá Laugalandsskóla//

...:Grunnskólamót Suðurlands í glímu:...:

Grunnskólamót Suðurlands í glímu var haldið að þessu sinni í Reykholti miðvikudaginn 3. febrúar. Fjölmennur hópur frá Laugaland hóf för sína eftir tvo fyrstu tímuna í skólanum og mætti glaðbeittur þegar mótið hófst kl 11:00. Að venju er keppt í 5.-10. bekk og keppa kynin í sitthvoru lagi. Keppt er til einstaklingsverðlauna í hverjum flokki og einnig eru samanlagður árangur í 5.-7. og 8.-10. bekk stúlkna og drengja verðlaunaður með bikar. Fjölmargir nemendur við skólann stigu á pall og eignuðumst við fjóra grunnskólameistara að þessu sinni. Þorbjörg Skarphéðinsdóttir í 5. bekk sigraði á sínu fyrsta móti auk þess sem að Aldís Freyja Kristjánsdóttir í 6. bekk og Jana Lind Ellertsdóttir í 10. bekk urðu hlutskörpust í sínum flokkum. Einn drengur sigraði sinn flokk en Smári Valur Guðmarsson lagði alla sína mótherja í 10. bekknum. Alls stigu 12 nemendur við skólann á verðlaunapall og einn bikar hrepptum við en góður árangur í flokki stúlkna í 5.-7. bekk tryggði okkur hann. Þessi góði árangur okkar nemenda veitir þeim svo keppnisrétt á grunnskólamóti Íslands í glímu sem haldið verður á Hvolsvelli í apríl og fróðlegt að sjá hvernig þeim mun ganga að glíma við sterkustu keppendur á öllu landinu í sínum aldursflokki.

...:Íþróttaskólinn:...:

Eftir hádegi á miðvikudögum fara öll börn í 1.-4. bekk Laugalandsskóla í íþróttaskóla og stendur hann yfir í þrjár kennslustundir. Hann er hrein viðbót við almenna íþróttatíma og kemur í stað dagskóla. Á haustin og vorin er fyrst og fremst lögð áhersla á sund, en þess á milli fá börnin góða hreyfingu í íþróttasalnum undir dyggri stjórn íþróttakennaranna Guðna Sighvatssonar og Maríu Carmenar Magnúsdóttur. Oft ríkir mikil spenna fyrir þessum tímum og hafa krakkarnir gagn og gaman af. Tveir elstu árgangar leikskólans eru með 1. og 2. bekk fyrstu 40 mínúturnar. Í íþróttaskólanum fara nemendur í ýmsa leiki og gera æfingar sem styrkja líkamann og þjálfar þá í að vera í hópi. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel. Með þessu móti er tryggt að allir nemendur yngsta stigs fái aukna hreyfingu og að nemendur leikskóla læri sundtökin snemma og komi betur undirbúnir í grunnskólann.



...: Sund ...:

Sundkennslan byrjar aftur þann 30. mars. Við hvetjum foreldra til að athuga með sundfötin og er gerð krafa um sundboli eða sundtoppa hjá stúlkum í stað bikini baðfata. Eins er mjög gott ef nemendur eiga sundgleraugu að þeir hafi þau með.



...:Gestakennari í heimsókn:...:

Í apríl koma til okkar gestakennarar frá Norður – Dakota í Bandaríkjunum. Að þessu sinni koma til okkar tveir kennarar þeir Eric Thoemke og Matthew Maldonado. Þeirra sérsvið er að kenna myndatökugerð og framleiðslu stuttmynda. Saman hafa þeir haldið mörg námskeið þar sem þeir kenna nemendum grunnatriði í kvikmyndagerð allt frá raddbeitingu leikara til handritsgerðar. Þeir sem vilja kynna sér enn betur starf þeirra geta skoðað heimasíðuna

ndstrong.org.

...:Sumardagurinn fyrsti:...:

Sumardagurinn fyrsti er þann 21. apríl og þann dag er frí í skólanum og skemmtun sem foreldrafélagið stendur fyrir.



Myndaalbúm

...: Myndir á heimasíðu ...:

Við viljum benda áhugasömum á að margar skemmtilegar myndir frá skólastarfinu eru aðgengilegar á heimasíðunni.

...:Listahátíð skólanna þriggja:...:

Þriðjudaginn 26. janúar s.l. var haldin listahátíð á Hellu fyrir 8. -10. bekk. Skólarnir á Hvolsvelli og á Hellu ásamt Laugalandsskóla standa að þessari hátíð sem haldin er einu sinni á ári, til skiptis í skólunum.

Að þessu sinni var boðið upp á átta stöðvar; Zumba dans, Skartgripagerð úr gúmíslöngum, Frjáls sköpun þar sem nemendur unnu með fjölbreytt efni og bjuggu til skúlptúra, Matreiðsla þar sem kynnt var tælensk matargerð, Jóga þar sem farið var í grunnæfingar, Snyrtifræði þar sem nemendum var kennt að gera einfalda maska og krem úr náttúrulegum efnum og Skák þar sem farið var í grunnatriði skáklistarinnar. Hver og einn nemandi gat valið um að fara í tvær stöðvar sem stóðu hvor um sig í 45 mínútur.

Eftir stöðvarnar var boðið upp á kaffi og meðlæti og síðan stigu nemendur á stokk og fluttu tónlistaratriði. Gekk hátíðin mjög vel fyrir sig og lauk henni síðan um klukkan fjögur.



...:Skíðaferð í Bláfjöll:...:

Þriðjudaginn 23. febrúar fóru nemendur í 4.-10. bekk í árlega skíðaferð í Bláfjöll. Veður var stillt og kjörið fyrir skíðaferð og útlit fyrir góðan dag. Rútan sótti nemendur í skólann að morgni og voru þeir komnir um kl 10:00 á áfangastað og fór þá hópurinn að leigja sér skíði fyrir utan þá sem áttu slíkan útbúnað og gátu farið beint í brekkurnar. Flestar brekkur opnuðu um þetta leyti en aðallega voru krakkarnir að skíða í Lilla klifurmús og Borgarbrekkunni. Þau yngstu fóru nokkrar ferðir til að æfa sig í barnabrekkunum en færðu sig svo yfir í aðrar brekkur þegar getan jókst. Í kringum hádegis opnaði svo lyftan í Kónginn og gátu þá þeir alhörðustu reynt sig í brattari brekkum. Tíminn er fljótur að líða í Bláfjöllum og stundum gefst lítil tími til að næra sig og fá sér að drekka milli ferða. Skíðafærið var gott fram á daginn og þó að flestir hefðu viljað vera lengur þá fóru nemendur sáttir og þreyttir heim.

